



Fundur í stjórn Þekkingarsetursins á Blönduósi 16.08.2012. kl. 10:00.

Fundinn sátu: Arnar Þór Sævarsson, Þóra Sverrisdóttir, Elín Sigurðardóttir, Skúli Skúlason, Hörður Ríkharðsson, Valgarður Hilmarsson, Erla Björk Örnólfsdóttir, Gunnar Tryggvi Halldórsson, Katharina Schneider.

Dagskrá:

- 1) Sýn starfsmanna
- 2) Farskólinn – næstu skref
- 3) Skipulag húsnæðis Kvennaskólans
- 4) Nafnabreyting
- 5) Stefnumótun
- 6) Ráðning starfsmanna
- 7) Önnur mál

Arnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega Erlu Björk Örnólfsdóttur sem fyrirhugað er að taki við stjórnarsetu af Skúla Skúlasyni að afloknum þessum fundi. Skúli gerði grein fyrir því að hann sjálfur mun verða í Skotlandi í rannsóknarleyfi í vetur.

1. Katharina fór yfir það sem hefur verið gert frá síðasta fundi. Hún og Gunnar hafa verið að fara yfir málin og stilla saman strengi og hefur það gengið vel. Starfsmenn hafa farið yfir fræðasviðin sem áhersla verður lögð á og haft samband við stofnanir og starfsmenn sem unnið verður með. Unnið hefur verið að undirbúningi stefnumótunar.
2. Gunnar hefur rætt við Bryndísi hjá Farskólanum um samstarf/samvinnu vegna háskólanáms og annars náms. Fyrirhugað er að flytja fjarnámstæki hingað í Kvennaskólann og koma hér upp framtíðaraðstöðu á þessu sviði. Rætt var vítt og breytt um tilhögun náms af ýmsu tagi í héraðinu og velt vöngum yfir framtíðarsýn.
3. Rætt um nýtingu Kvennaskólann og ýmis vandamál t.d. aðgengi fatlaðra. Starfsmenn reifuðu hugmyndir að fyrirkomulagi þar sem námsaðstaða yrði í suðurhluta en skrifstofur í norðurhluta. Nauðsynlegt að koma á fast- mótuðu skipulagi til lengri tíma og að sett verði niður hvaða aðili hefur hvaða hluta húsnæðisins. Arnar útskýrði fyrirkomulagið varðandi rekstur hússins. Samþykkt að starfsmenn setji tillögur sínar á blað svo hægt verði að taka þær fyrir hjá eignaraðilum hússins og öðrum notendum þess. Rætt um gistingu í húsinu og kosti og galla þess að vera með slíka starfsemi.
4. Starfsmenn reifuðu hugmyndir um að breyta nafninu í Þekkingarmiðstöð, þeim finnst setra nafnið mikið notað og vísa til annars konar starfsemi en hér er fyrirhuguð.

Fundarmönnum fannst „Ketill – Þekkingarmiðstöð“ koma vel til greina. Ákveðið að kanna hug ráðuneytisins til þessara hugmynda.

5. Tillaga um að stefnumótunarfundur verði 21. september í Blönduvirkjun. Á þeim fundi yrðu allir aðilar setursins. Starfsmaður Landsvirkjunar mun stýra þessari vinnu án kostnaðar fyrir setrið.
6. Rætt um ráðningu sérfræðinga á þau fræðasvið sem fyrirhugað er að vinna að. Starfsmenn gerðu grein fyrir þeim starfsmönnum sem eru á svæðinu og/eða eru við störf t.d. Dan og Catharine Chambers. Fram kom tillaga um að Cat verði ráðinn til áframhaldandi starfs. Rætt um að fyrirkomulagið á ráðningunni verði mögulega með þeim hætti að hún verði ráðinn við Hólaskóla en í sérstökum samningi verður kveðið á um að hún verði með starfsaðstöðu við Þekkingarsetrið og búsetu á Blönduósi og verk hennar verða að jöfnu verk Hólaskóla og setursins. Starfsmönnum, formanni og Hólaskóla falið að finna leið sem ásættanleg er fyrir alla aðila. Dan er sem stendur starfsmaður Veiðimálastofnunar en rætt hefur verið við stofnunina um samstarf.
7. Arnar lagði til að næsti fundur yrði fimmtudaginn 30. ágúst. Rætt var um lok starfsemi Háskólaseturs og að eignir þess renni til Þekkingarseturs. Arnari og starfsmönnum falið að ganga frá því með formlegum hætti. Skúli hvatti alla til dáða og óskaði setrinu alls hins besta. Rætt um afmæli Kvennaskólabyggingarinnar en verið er að skipuleggja dagskrána. Til greina kemur að reyna að opna og kynna Ketil – þekkingarmiðstöð í tengslum við afmælið. Valgarður lagði til að haft verði samband við eigendur hússins um að taka frumkvæði að undirbúningi afmælishátíðar. Erla velti því upp hvort fulltrúi ráðuneytisins yrði ekki að koma að stefnumótunarfundinum. Arnar þakkaði Skúla samvinnuna og óskaði honum alls hins besta í framtíðinni.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Hörður Ríkharðsson.